

Reglugerð Fyrir Vinnudeilusjóð – Bárunnar, stéttarfélags

1. grein.

Nafn.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður Verkalýðsfélagsins Bárunnar, stéttarfélags og er eign samnefnds félags. Heimili hans og varnarþing er á Selfossi.

2. grein.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn sem missa tekjur vegna verkfalls eða verkbanns.

3. grein.

Tekjur, reikningsskil og stjórn.

Tekjur Vinnudeilusjóðs eru framlag félagssjóðs samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, vaxtatekjur og annar arður.

Fjármunum sjóðsins skal haldið aðgreindum frá öðrum fjármunum félagsins og þeir sérgreindir í bókhaldi félagsins.

Sömu reglur gilda um reikningsskil, ávöxtun og vörslu Vinnudeilusjóðs og annarra sjóða í eigu og vörslu Bárunnar, stéttarfélags.

Stjórn Bárunnar stéttarfélags hefur jafnframt á hendi stjórn sjóðsins og annast fjárreiður hans. Ákvörðun um styrkveitingu er á hendi stjórnar félagsins.

4. grein.

Úthlutunarnefnd.

Á aðalfundi Bárunnar, stéttarfélag skal kosin sérstök úthlutunarnefnd. Hún skal skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Hlutverk nefndarinnar er að úthluta styrkjum úr sjóðnum meðan vinnustöðvun varir í samræmi við reglur þessar og ákvörðun stjórnar um styrkfjárhæðir hverju sinni. Nefndin skiptir með sér verkum. Formaður Bárunnar, stéttarfélags kallar nefndina saman til fyrsta fundar. Úthlutunarnefnd skal halda gerðarbók yfir styrkbeiðnir og styrkveitingar.

5. grein.

Greiðslur úr sjóðnum.

Rétt til styrks úr sjóðnum eiga þeir sem innt hafa af hendi félagsgjald til Bárunnar stéttarfélags og vinnustöðvun tekur til.

Komi til þess að félagsmenn Bárunnar stéttarfélags er starfa tímabundið á félagssvæði annars félags, sem tekið hefur ákvörðun um vinnustöðvun, sem bindur hlutaðeigandi félagsmann er stjórn Bárunnar stéttarfélags heimilt að veita viðkomandi styrk að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Enginn getur átt rétt til styrks úr sjóðnum sem nýtur sama réttar frá öðru stéttarfélagi.

6. grein.

Upphæðir styrkja.

Vinnudeilusjóður veitir ekki styrk vegna fyrstu fjögurra daga í vinnustöðvun.

Ákvörðun um styrkfjárhæðir skulu teknar af stjórn sjóðsins með hliðsjón af aðstæðum, efnahag sjóðsins og umfangi og lengd fyrirhugaðrar vinnustöðvunar.

7. grein.

Hópverkföll.

Sé boðað til verkfalls afmarkaðra hópa félagsmanna, er sjóðsstjórn heimilt að greiða þeim sem verkfallið tekur til styrk sem nemur nettólaunatapi viðkomandi þann tíma sem verkfallið stendur, jafnvel þó verkfallið standi skemur en fjóra daga.

8. grein.

Umsóknir.

Sækja verður um stuðning úr sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum á skrifstofu félagsins og/eða rafrænt á heimasíðu félagsins. Greiðslur úr sjóðnum skulu lagðar inn á bankareikning viðkomandi félagsmanns.

9. grein.

Ágreiningur.

Verði ágreiningur um úthlutun úr sjóðnum skal sá ágreiningur lagður undir stjórn Bárunnar, stéttarfélags sem þá fellir endanlegan úrskurð.

10. grein.

Breytingar á reglugerð.

Breytingar á reglugerð þessari skulu gerðar á aðalfundi félagsins, enda hafi þeirra verið getið í fundarboði. Tillögu til reglugerðabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skila til félagsstjórnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Breytingar á reglugerð þessari ná fram að ganga séu þær samþykktar með meirihluta greiddra atkvæða á aðalfundi.

Þannig samþykkt á aðalfundi Bárunnar, stéttarfélags þann 22. maí 2017